

Ed. 430. Frumvarp til lánsfjárlaga [217. mál]
fyrir árið 1981.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 288 840 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 158 100 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981.

3. gr.

3. gr. laga nr. 82/1977, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1980, hljóði svo:

Hverjum lífeyrissjóði sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar sbr. VIII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall.

Að því marki sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr. er ríkissjóði, Framkvæmdasjóði Íslands, Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Ríkisstjórnin kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn kaupir bréf af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna og Framkvæmdasjóði Íslands.

Setja skal með sérstakri reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunarfjár svo og ákvæði um lánstíma og lánskjör.

4. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 462 190 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á kostnaði við byggingu virkjunar við Hrauneyjafoss og til annarra framkvæmda.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 14 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að endurlána Járblendifélaginu í samræmi við ákvæði 6. tl. 3. gr. laga nr. 18/1977 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. ákvæði 3. tl. 5. gr. aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Elkem-Spigerverket A/S.

6. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituf framkvæmda sem hér segir:

1. Akureyrarbær, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 31 500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

2. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 65 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 62 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Lán á árinu 1981 til annarra hitaveituframkvæmda samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 29 800 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1981 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila allt að fjárhæð 15 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð 27 200 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

9. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1981 að fjárhæð 89 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Framkvæmdasjóður annast lántöku sem Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að taka að fjárhæð allt að 17 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán Framleiðsluráðsins og tekur ábyrgðin jafnt til greiðslu afborgana, vaxta, verðbóta og annars kostnaðar.

10. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem tilgreindir eru í 6., 7. og 8. gr. með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður. Þó skal jafnan liggja fyrir umsögn samkvæmt ákvæði 29. gr. orkulaga nr. 58/1967 um að hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæm áður en lán til hitaveituframkvæmda eru veitt.

11. gr.

Þrátt fyrir 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs á árinu 1981 eigi fara fram úr 37 500 þús. kr. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 31 500 þús. kr.

12. gr.

Byggðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 15 000 þús. kr. til að endurlána til smíði og kaupa á fiskiskipum. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast endurlánin með sjálfskuldarábyrgð.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1981 eigi fara fram úr 10 830 þús. kr.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjalld af sjávararafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1981 eigi fara fram úr 18 540 þús. kr.

15. gr.

Drátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegs, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 8 694 þús. kr.

16. gr.

Drátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977, skal framlag ríkissjóðs samkvæmt þeim lögum til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1981 eigi fara fram úr 27 887 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast af launaskatti 1981 rennur í ríkissjóð, sbr. b-lið 37. gr. laga nr. 51/1980 og 17. gr. þessara laga. Heildarframlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins skv. 2. og 3. tl. 9. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal eigi fara fram úr 43 000 þús. kr.

17. gr.

Drátt fyrir ákvæði b-liðar 37. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna eigi fara fram úr 75 000 þús. kr. á árinu 1981.

18. gr.

Drátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1981 eigi fara fram úr 3 150 þús. kr.

19. gr.

Drátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjárjóðs af erfðafjárskatti á árinu 1981 eigi fara fram úr 6 000 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast á árinu 1981 af erfðafjárskatti rennur í ríkissjóð.

20. gr.

Drátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1981 eigi fara fram úr 2 430 þús. kr.

21. gr.

Drátt fyrir ákvæði a-liðar 25. gr. 6. kafla laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1980, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra eigi fara fram úr 20 100 þús. kr. á árinu 1981.

22. gr.

Drátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs á árinu 1981 eigi fara fram úr 3 191,5 þús. kr.

23. gr.

Drátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilásjóðs eigi fara fram úr 2 961 þús. kr. á árinu 1981.

24. gr.

Drátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna eigi fara fram úr 30% af skilafé Frihafnarinnar til ríkissjóðs, að viðbættum 250 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Frihafnarinnar er fellur til ráðsins.

25. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 30 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána m. a. Rafmagnsveitum ríkisins til að greiða eftirstöðvar kostnaðar við lagningu byggðalína á árinu 1980 og til að greiða upp bráðabirgðalán vegna annarra framkvæmda á vegum ríkissjóðs á árinu 1980 er tekin voru hjá Seðlabanka Íslands.

26. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð á skuld Útvegsbanka Íslands við Seðlabanka Íslands allt að 50 000 þús. kr. Skuld þessi skal færð á sérstakan reikning Útvegsbankans í Seðlabankanum og greiðir ríkissjóður vexti og afborganir af skuldinni með föstum árlegum greiðslum að fjárhæð 7 500 þús. kr. í 12 ár, í fyrsta sinn á árinu 1982.

27. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af erlendum lánnum ríkissjóðs og ennfremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánnum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánnum. Skal fjármálaráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd Alþingis áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilán), er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánsamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánsamninginn að nýju nema lagaheimild liggja fyrir.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Frumvarpið felur í sér lántökuheimild fyrir ríkissjóð á árinu 1981 auk heimildar til Framkvæmdasjóðs Íslands, Landsvirkjunar, Orkubús Vestfjarða, Járnblandi-félags, sveitarfélaga og aðila er standa að hitaveituframkvæmdum. Frumvarpið felur ennfremur í sér ákvæði um kaup lífeyrissjóða á verðtryggðum skuldabréfum af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna og Framkvæmdasjóði Íslands. Þá eru í frumvarpi þessu breytingar á lögum nokkurra fjárfestingarlánasjóða og ákvæði um hámarksframlög til nokkurra verkefna í samræmi við markaða stefnu fjárlaga fyrir árið 1981.

Um 1. og 2. gr.

Erlendar lántökur til framkvæmda vegna A- og B-hluta ríkissjóðs nema alls 288 840 þús. kr. Þess er freistað að afla innlends lánsfjár til þess að takmarka erlendar lántökur sem frekast er kostur. Til þess að fyrirhugaðri innlendri lánsfjáröflun verði náð mun verða gengið ríkt eftir því að lífeyrissjóðir kaupi skuldabréf fyrir 40% af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1981. Mikil óvissa ríkir um ýmis atriði innlends lánsfjármarkaðar. Sala verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs er ótrygg vegna þeirra áhrifa sem verðtrygging innlánsreikninga í innlánsstofnunum kann að hafa.

Í 6. gr. fjárlaga var veitt heimild til 90 000 þús. kr. verðbréfaútgáfu. Í þessu frumvarpi er leitað heimildar til lántöku á innlendum lánsfjármarkaði að upphæð 158 100 þús. kr. Verðbréfa kaup bankakerfisins og lífeyrissjóðs af ríkissjóði eru áætluð 108 000 þús. kr. og önnur innlend fjáröflun 50 100 þús. kr.

Um 3. gr.

Ákvæði laga nr. 50/1980 eru tekin upp að nýju en það eru ákvæði um að lífeyrissjóðir á samningssviði ASÍ kaupi skuldabréf Byggingarsjóðs ríkisins fyrir 20% af ráðstöfunarfé, innan þess ramma er lögð að öðru leyti setja. Þetta er til staðfestingar samkomulagi sem ASÍ gerði við ríkisstjórnina í febrúar 1974.

Um 4. gr.

Áætlanir Landsvirkjunar fyrir árið 1981 gera ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við Hrauneyjafoss og að gangsetning 1. vélar virkjunarinnar verði haustið 1981. Framkvæmdir á vegum fyrirtækisins nema alls 469 830 þús. kr. sem skiptist þannig að 369 830 þús. kr. renna til framkvæmda við Hrauneyjafossvirkjun, 33 000 þús. kr. til annarra framkvæmda, þ.e. við Sigöldu og Búrfell, auk 67 000 þús. kr. sem eru vaxtagreiðslur af lánum á byggingartíma. Lánsfjáröflun til framkvæmda á vegum Landsvirkjunar er alls áformuð 462 190 þús. kr. Að auki nemur aukning eigin fjár fyrirtækisins 7 640 þús. kr.

Um 5. gr.

Samkvæmt aðalsamningi ríkisstjórnar Íslands og Elkem-Spigerverket A/S hafa hluthafar skuldbundið sig til að sjá Járblendifélaginu fyrir fjármagni með hluthafalánum, sbr. ákvæði 3. tl. 5. gr. samningsins. Upphæð lánanna getur numið alls 44 millj. norskra króna og er hlutur ríkissjóðs, m. v. 55% eignaraðild, 24,2 millj. norskra króna. Líklegt er talið að á árinu 1981 þurfi ríkissjóður að lána Járblendifélaginu í samræmi við ofangreint samkomulag allt að 14 000 þús. ísl. kr.

Um 6. gr.

Framkvæmdir við hita- og fjarvarmaveitur aðrar en á vegum Orkubús Vestfjarða eru alls fyrirhugaðar fyrir um 290 380 þús. kr. Fjármögnun þessara framkvæmda er þannig að úr rekstri skila fyrirtækin 64 560 þús. kr., lánsfé hjá Lánasjóði sveitarfélaga nemur 30 000 þús. kr., úr Orkusjóði koma 7 520 þús. kr. og erlent lánsfé nemur alls 188 300 þús. kr.

Lánastofnanir, sem lána til hita- og fjarvarmaveitna, hafa í vaxandi mæli farið fram á ábyrgð af hálfu ríkisins. Stafar þetta m. a. af því að þau lánskjör sem gilda á lánum til hita- og fjarvarmaveituframkvæmda eru veitunum erfið þar sem lánin eru til mun skemmri tíma en ætla má afskriftartíma framkvæmda. Lánveitingar eða ábyrgðir af ríkisins hálfu verða ekki veittar til einstakra veitna fyrr en iðnaðar- ráðherra hefur veitt einkaleyfi til reksturs og skilyrðum orkulaga um einkaleyfisveitingu er fullnægt og fjármálaráðherra hefur fallist á áætlanir um fjárhagsgrundvöll hvers fyrirtækis. Stærstu lánsfjármögnuðu verkefni á árinu 1981 eru áframhaldandi framkvæmdir við Hitaveitu Akureyrar 31 500 þús. kr., Hitaveitu Suðurnesja 62 000 þús. kr. og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar 65 000 þús. kr.

Um 7. gr.

Lántökur til ýmissa framkvæmda sveitarfélaga nema alls 15 000 þús. kr. Þar af rennur hluti til Vestmannaeyjakaupstaðar í samræmi við tillögu úttektarnefndar er fjallaði um fjárhagsvanda staðarins.

Um 8. gr.

Samtals eru ráðgerðar framkvæmdir á vegum Orkubús Vestfjarða fyrir 31 200 þús. kr., þar af 16 000 þús. kr. á sviði raforkuframkvæmda og 15 200 þús. kr. vegna framkvæmda við fjarvarmaveitur. Alls er áformað að afla 27 200 þús. kr. lánsfjár en úr rekstri eru áætlaðar 4 000 þús. kr.

Framkvæmdir í raforkumálum eru margþættar: línubyggingar, aðveitustöðvar, innanbæjarkerfi o. fl. Hluti þessara framkvæmda tengist framkvæmdum við fjarvarmaveitur en lánsfé til fjarvarmaveitna verður ráðstafað til veituframkvæmda á Ísafirði, í Bolungarvík og á Patreksfirði.

Um 9. gr.

Erlend lántaka Framkvæmdasjóðs Íslands nemur á árinu 89 000 þús. kr. Af þessari fjárhæð eru 72 000 þús. kr. ætlaðar til endurláns til fjárfestingarlánasjóða en auk þess hefur Framkvæmdasjóður tekið að sér meðalgöngu um útvegum 17 000 þús. kr. lánsfjár til Framleiðsluráðs landbúnaðarins vegna greiðslna útflutningsbóta verðlagsársins 1979/1980.

Um 10. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Sbr. athugasemd við 13.—23. gr.

Um 12. gr.

Ráðgert er að Byggðasjóður veiti fyrirgreiðslu vegna skipasmíði innanlands. Í þessu frumvarpi er því leitað sérstakrar heimildar til öflunar 15 000 þús. kr. lánsfjár til endurlána.

Um 13.—23. gr.

Í samræmi við markaða stefnu í fjárlögum fyrir árið 1981 um skerðingu lögboðinna framlaga er nauðsynlegt að lögum nokkurra sjóða verði breytt.

Um 24. gr.

Lögbundnar fjárveitingar til Ferðamálasjóðs voru lækkaðar eins og framlög til annarra fjárfestingarlánasjóða og nemur framlagið því alls 250 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal tiltekinn hluti af veltu Frihafnarinnar á Keflavíkurlflugvelli renna til þessarar starfsemi. Tekjustofni þessum er nú breytt þannig að 30% af skilum Frihafnarinnar til ríkissjóðs renna til ferðamála.

Um 25. gr.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti um lánsfjáröflun ríkissjóðs 1980 skorti um 26 000 þús. kr. á að innlend lánsfjáröflun stæðist áætlun. Í megindráttum var það lánsfé frá innlánsstofnunum og lífeyrissjóðum sem ekki aflaðist að fullu. Útgjöld Rafmagnsveitna ríkisins vegna byggðalínuframkvæmda reyndust allnokkru hærri en áætlað var eða alls 4 380 þús. kr. Af ofangreindum ástæðum er nú leitað lántökuheimildar allt að 30 000 þús. kr. vegna framkvæmda 1980.

Um 26. gr.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að styrkja fjárhagsstöðu Útvegsbanka Íslands og leitar í því skyni eftir heimild til að veita sjálfskuldarábyrgð á skuld Útvegsbankans við Seðlabanka Íslands að fjárhæð 50 000 þús. kr. Skuld þessi verður áfram á nafni Útvegsbanka Íslands á sérstökum reikningi í Seðlabankanum en ekki er gert ráð fyrir að Útvegsbankinn greiði vexti eða afborganir af skuldinni. Ríkissjóður skuldbindur sig til að greiða 7 500 þús. kr. í vexti og afborganir af þessari skuld á næstu 12 árum og er það fullnaðargreiðsla.

Um 27. gr.

Heimildar er aflað til þess að taka lán fyrir afborgunum af lánum rikissjóðs og er ætlunin að lántakan samsvari afborgunum af lánum vegna framkvæmda við Kröfluvirkjun og við byggðalinur, sbr. framsetningu fjárlaga.

Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum hefur yfirleitt ekki verið vöð á erlendum lánum til nægilega langs tíma, miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Óhagstæð erlend lán hafa m. a. leitt til þess að endurlán innlendra lánastofnana hafa verið til fremur skamms tíma. Veldur þetta öðrum afborgunum og þungri greiðslubyrði á næstu árum. Sérstaklega hefur þetta komið illa niður á ýmsum orkufyrirtækjum með langan afskriftartíma. Rétt þykir að fjármálaráðherra geti í samráði við fjárveitinganefnd tekið lán til greiðslu annarra lána sé slíkt talið heppilegt. Sams konar heimild er nú veitt stjórn Landsvirkjunar til breytingar lána.

Að undanfögnu hafa kjör á lánsfjármörkuðum þróast þannig að hagstæðast virðist að taka lán til tiltölulega skamms tíma. Þessum lánum þarf síðan að breyta í langtímalán verði þróun á lánamörkuðum slík að vextir af lánum til langs tíma sýnast hagstæðari. Ákvæðum greinarinnar er ætlað að skapa svigrúm til að nýta hagstæðustu lánamöguleika hverju sinni.